

Kirkjuhvoll
Dvalarheimili aldraðra
á Hvolsvelli
Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra

Kirkjuhvoll er dvalarheimili aldraðra á Hvolsvelli. Starfsemi Kirkjuhvols var með líku sniði og undanfarin ár. Unnið var að nýbyggingu við heimilið sem tekin var í notkun í byrjun árs 2018. Vísað er í skýringu 2 varðandi fjárfestingar ársins.

Á árinu 2017 voru greiddar 214,9 millj. kr. í laun og 47,6 millj. kr. í launatengd gjöld. Stöðugildi voru 32 samanborið við 33 á árinu 2016. Laun hjúkrunarforstjóra námu 14,7 millj. kr.

Á árinu 2017 yfirtók ríkið lífeyrisskuldbindingu Kirkjuhvols á grundvelli samkomulags sem ríkið gerði við sveitarfélög sem borið hafa ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila í þeirra umsjá. Áhrif yfirtöku ríkisins á rekstrarniðurstöðu ársins eru jákvæð um 14,0 millj. kr. Vísað er í skýringu nr. 15.

Rekstrarniðurstaða ársins 2017 var jákvæð að fjárhæð 45,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 125,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er í skýringu nr. 17 varðandi ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

Stjórnendur Kirkjuhvols, Dvalarheimilis aldraðra á Hvolsvelli, staðfesta ársreikning heimilisins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Hvolsvelli, 7. júní 2018

Sveitarstjórn Rangárþings eystra:

Hjúkrunarforstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kirkjuhvols, dvalarheimilis á Hvolsvelli.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kirkjuhvols, dvalarheimilis aldraðra á Hvolsvelli („stofnunin“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2017 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 8. júní 2018

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr	2017	2016
Rekstrartekjur			
Vistgjöld og framlög	3	374.367.487	359.888.120
Fæðissala		1.344.600	1.261.200
		<u>375.712.087</u>	<u>361.149.320</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	263.490.553	264.894.601
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15 (13.962.786)	3.444.724
Starfsmanna- og ábyrgðartryggingar		674.627	602.639
Matvæli		16.436.048	17.146.623
Fatnaður, lín og hreinlætisvörur	5	8.436.735	7.723.624
Lyf og skyld efni		10.816.399	11.139.319
Ferða-, flutningskostnaður og akstur	6	943.489	802.177
Sérfræðipjónusta og ýmis þjónusta	7	11.238.315	10.759.600
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður	8	20.108.119	16.859.614
Rekstur bifreiða	9	399.847	354.375
Sjúkraflutningar		420.601	253.867
Annar rekstrarkostnaður	10	1.331.914	1.356.010
Afskriftir	2	3.602.264	3.602.264
		<u>323.936.125</u>	<u>338.939.437</u>
Áhöld og búnaður	11	2.050.940	1.477.323
		<u>325.987.065</u>	<u>340.416.760</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		49.725.022	20.732.560
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.589.916	988.878
Fjármagnstekjuskattur	(317.922)	(166.655)
Vaxtagjöld	(5.869.072)	(2.510.878)
	(<u>4.597.078)</u>	<u>(1.688.655)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	17	<u><u>45.127.944</u></u>	<u><u>19.043.905</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr	2017	2016
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir	2	381.875.314	118.442.623
Bifreiðar	2	218.400	608.400
Fastafjármunir samtals		<u>382.093.714</u>	<u>119.051.023</u>
Veltufjármunir			
Ýmsar skammtímakröfur	13	1.892.928	8.296.783
Handbært fé	12	41.588.122	88.045.908
Veltufjármunir samtals		<u>43.481.050</u>	<u>96.342.691</u>
Eignir samtals		<u>425.574.764</u>	<u>215.393.714</u>
Eigið fé			
Stofnfé		200.606.507	200.606.507
Ójafnað eigið fé		(74.979.935)	(120.107.879)
Eigið fé samtals	17	<u>125.626.572</u>	<u>80.498.628</u>
Skuldbindingar			
Áfallin lífeyrisskuldbinding	15	0	15.922.476
Langtímaskuldir			
Langtímalán	16	218.658.358	23.530.600
Langtímaskuldir samtals		<u>218.658.358</u>	<u>23.530.600</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		19.076.440	5.819.583
Rangárþing eystra		3.841.911	32.523.600
Fyrirfram innborguð daggjöld		28.905.315	28.143.740
Aðrar skammtímaskuldir	14	22.454.809	22.053.570
Næsta árs afborgun langtímaskulda	16	7.011.359	6.901.516
Skammtímaskuldir samtals		<u>81.289.834</u>	<u>95.442.009</u>
Skuldir og skuldbinding samtals		<u>299.948.192</u>	<u>134.895.085</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>425.574.764</u>	<u>215.393.714</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

		2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins.....	17	45.127.944	19.043.905
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Áfallin lífeyrisskuldbinding, breyting	15 (13.962.786)	3.444.724
Verðbætur af langtímaskuldum.....		2.160.961	695.846
Afskriftir	2	3.602.264	3.602.264
		<u>36.928.383</u>	<u>26.786.739</u>
Veltufé frá rekstri			
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun).....		6.403.855	(4.813.130)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	(14.262.018)	21.191.340
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(849.730)	(806.423)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(<u>8.707.893)</u>	<u>15.571.787</u>
		28.220.490	42.358.526
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Nýbygging Kirkjuhvoli.....	2 (266.644.955)	(71.937.141)
Framlag vegna nýbyggingar.....		0	67.333.334
		<u>266.644.955)</u>	<u>(4.603.807)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán.....	16	200.000.000	0
Afborganir langtímalána.....	(6.923.361)	(6.797.839)
		<u>193.076.639</u>	<u>(6.797.839)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á handbæru fé.....	(45.347.826)	30.956.880
Handbært fé í upphafi árs.....		88.045.908	57.089.028
Handbært fé í lok árs.....		<u>42.698.082</u>	<u>88.045.908</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Daggjöld og önnur framlög til rekstrar eru færð til tekna á því tímabili sem þau tilheyra. Tekjur af sölu fæðis og annari vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfurettur myndast. Styrkir og framlög einstaklinga eru færð til tekna við móttöku greiðslu.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

d. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindinginn 12,3 millj. kr. í árslok 2017 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	165.217.020	1.950.000	167.167.020
Viðbót á árinu	266.644.955	0	266.644.955
Heildarverð 31.12.2017	<u>431.861.975</u>	<u>1.950.000</u>	<u>433.811.975</u>
Afskrifað áður	46.774.397	1.341.600	48.115.997
Afskrifað á árinu	3.212.264	390.000	3.602.264
Afskrifað samtals 31.12.2017	<u>49.986.661</u>	<u>1.731.600</u>	<u>51.718.261</u>
Bókfært verð 31.12.2017	<u>381.875.314</u>	<u>218.400</u>	<u>382.093.714</u>
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

Fasteignamat fasteigna stofnunarinnar nam 304,7 millj. kr. og lóðar 26,9 millj. kr. í árslok 2017. Á sama tíma nam brunabótamat fasteignanna 549,4 millj. kr.

3. Daggjöld og framlög

	2017	2016
Daggjöld vistmanna, dvalardeild.....	15.777.340	20.007.421
Daggjöld vistmanna, hjúkrunardeild	323.419.727	295.807.454
Dagvistun.....	866.320	1.624.716
Húsnæðisgjald.....	30.486.704	35.088.757
Leigutekjur.....	2.480.000	854.008
Vinnusamningur öryrkja.....	741.646	837.119
Tryggingastofnun framlag vegna launa.....	0	4.883.000
Framlag vegna tækjakaupa.....	0	550.000
Þátttaka í kostnaði v. föndur ofl.....	595.750	235.645
	<u>374.367.487</u>	<u>359.888.120</u>

Skýringar, frh.

	2017	2016
4. Laun og launatengd gjöld		
Dagvinnulaun.....	157.592.782	159.387.154
Yfirvinna og álag.....	57.267.201	53.608.693
Launatengd gjöld.....	47.582.313	48.609.440
Bifreiðastyrkur.....	283.470	0
Áfallið orlof, breyting	764.787	3.289.314
	263.490.553	264.894.601
5. Fatnaður, lín og hreinlætisvörur		
Aðkeypt ræsting og þvottur.....	4.174.424	3.732.595
Fatnaður og lín.....	191.427	152.375
Hlífðarfatnaður.....	219.518	70.391
Hreinlætisvörur.....	3.851.366	3.768.263
	8.436.735	7.723.624
6. Ferða-, dvalarkostnaður og akstur		
Ferða- og dvalarkostnaður.....	15.998	94.025
Aðkeyptur flutningskostnaður.....	927.491	708.152
	943.489	802.177
7. Sérfræðipjónusta og ýmis þjónusta		
Tölvu-, verkfræði, reikningsleg þjónusta ofl.....	5.404.688	4.895.458
Þjónusta heilbrigðisstétta og aðkeyptar rannsóknir.....	4.667.221	5.075.319
Póstburðargjöld.....	98.061	90.863
Sími, útvarp, sjónvarp.....	1.068.345	697.960
	11.238.315	10.759.600
8. Viðhalds- og húsnæðiskostnaður		
Áhöld og tæki.....	4.838.639	2.013.605
Varahl. tækja og áhalda, viðhaldsvörur.....	28.643	87.570
Gámaþjónustan.....	741.606	706.463
Aðrir innanstokksmunir.....	462.271	585.330
Aðkeypt viðhaldsþjónusta.....	6.371.850	6.890.354
Fasteignagjöld og önnur opinb. gjöld.....	2.525.217	1.973.715
Tryggingar og öryggisgæsla.....	627.189	658.912
Rafmagn og hiti	4.512.704	3.943.665
	20.108.119	16.859.614
9. Rekstur bifreiða		
Eldsneyti.....	168.019	149.887
Varahlutir og viðhald.....	35.932	47.016
Tryggingar og önnur gjöld.....	195.896	157.472
	399.847	354.375
10. Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng og rekstrarvörur.....	292.504	267.710
Blóm og gjafir.....	166.084	395.077
Jóla- og föndurvörur, umbúðir.....	81.624	174.030
Virðisaukaskattur.....	393.641	381.313
Kostnaður við dýrahald.....	24.532	0
Auglýsingar.....	52.785	16.984
Annar kostnaður.....	320.744	120.896
	1.331.914	1.356.010

Skýringar, frh.

	2017	2016
11. Áhöld og búnaður		
Borið og stólar.....	0	8.146
Raftæki.....	368.908	107.911
Tölvubúnaður og kerfi.....	1.682.032	1.361.266
	2.050.940	1.477.323
12. Handbært fé		
Tékkareikningur.....	20.722.156	34.788.278
Vaxtareikningar.....	20.576.121	52.845.349
Kjörbók.....	289.845	412.281
	41.588.122	88.045.908
13. Ýmsar skammtímakröfur		
Þjónustutekjur	0	204.000
Endurkræfur vsk.....	1.380.814	7.565.594
Viðskiptakröfur.....	512.114	527.189
	1.892.928	8.296.783
14. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd staðgreiðsla.....	3.473.740	4.051.466
Ógreidd launatengd gjöld.....	3.505.076	3.871.733
Ógreidd laun.....	0	96.132
Ógreitt orlof.....	12.302.470	11.537.683
Starfsmannasjóður.....	38.000	41.000
Ógreitt tryggingagjald.....	1.273.046	1.365.192
Áfallnir vextir.....	1.147.511	375.398
Óráðstafað gjafafé.....	714.966	714.966
	22.454.809	22.053.570
15. Lífeyrisskuldbinding		
Áfallin lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	15.922.476	13.284.175
Greiddur lífeyrir á árinu	(849.730)	(806.423)
Uppgjör við Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.....	(1.109.960)	0
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	0	3.444.724
Yfirtekin lífeyrisskuldbinding skv. uppgjöri.....	(13.962.786)	0
Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok	0	15.922.476

Í desember 2017 yfirtók ríkið lífeyrisskuldbindingu Kirkjuhvals á grundvelli samkomulags sem ríkið gerði við sveitarfélög sem borið hafa ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila í þeirra umsjá. Uppreiknuð tryggingafræðileg staða lífeyrisskuldbindingar í desember var 35,8 millj. kr. Hluttur ríkissjóðs 34,7 milj. kr. Hluttur Kirkjuhvals sem greiddur var í desember er 1,1 millj. kr.

Skýringar, frh.

Staða 31.12.

16. Langtímaskuldir

Landsbanki Íslands, verðtryggt, vextir 4,8% - 5,1%.....	3.813.613
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt, vextir 2,5% - 4,5%.....	234.302.047
	<u>238.115.660</u>
Næsta árs afborgun langtímalána	(7.011.359)
Langtímaskuldir samtals.....	<u>231.104.301</u>
Lántökukostnaður færður í efnahag.....	(12.445.943)
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>218.658.358</u>
Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:	
Árið 2018.....	7.011.359
Árið 2019.....	5.740.154
Árið 2020.....	7.722.249
Árið 2021.....	11.098.056
Árið 2022.....	9.030.344
Síðar.....	197.513.498
	<u>238.115.660</u>

Á árinu 2017 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 212,8 millj. kr. Lántökugjöld námu 12,8 millj. kr. og verða þau gjaldfærð jafnt yfir lánstímann. Á árinu 2017 nemur gjaldfærslan 305,5 þús. kr. sem færð er meðal fjármunagjalda í rekstrarreikningi.

17. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Staða 31.12.
Eigið fé 1.1.2017	200.606.507	(120.107.879)	80.498.628
Rekstrarniðurstaða ársins		45.127.944	45.127.944
Staða 31.12.2017	<u>200.606.507</u>	<u>(74.979.935)</u>	<u>125.626.572</u>

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn Rangárþings eystra auk lykilstjórnenda Kirkjuhvols eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Kirkjuhvoll hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu, Rangárþing eystra sem sér um bókhald fyrir stofnunina. Skuld í árslok nemur 3,8 millj. kr.